



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.10.2018
Tilv.: 1810007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, 249. löggjafarþing 2018-2019 – 144. mál.

1.

Í tilefni af því frumvarpi sem nú er til umsagnar hjá atvinnuveganefnd Alþingis vill Samkeppniseftirlitið minna á álit sem eftirlitið beindi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins nr. 2/2012, *Mótun löggjafar um fiskveiðistjórnun - lóðrétt samþætting útgerðar og fiskvinnslu*. Tilefni álitsins voru fyrri ákvarðanir og álit samkeppnisyfirvalda sem lúta að fiskvinnslu og útgerð og rannsókn Samkeppniseftirlitsins á tilteknum þáttum í fiskveiðistjórnunarkerfinu sem hófst í kjölfar kvörtunar Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda frá 25. maí 2011. Samhliða birtingu álitsins gaf Samkeppniseftirlitið út ákvörðun nr. 28/2012, *Kvörtun Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda vegna lóðrétt samþættrar útgerðar*.

Í framangreindu áliti var þeim tilmælum beint til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að hann myndi beita sér fyrir því að komið yrði í veg fyrir samkeppnishindranir sem leiða kynnu af þeim lögum og þeirri framkvæmd sem fjallað er um í álitinu. Í álitinu var sérstaklega fjallað um áhrif verðlagningar sjávarafla hjá lóðrétt samþættem útgerðum sem nánast án undantekninga notast við viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs sem iðulega hefur reynst mun lægra en markaðsverð á fiskmörkuðum. Með því kann vinnsluhluti samþættrar útgerðar að standa betur að vígi í samkeppni við fiskvinnslu án útgerðar sem þarf að kaupa stóran hluta hráefnis til vinnslunnar á fiskmörkuðum. Eins standa útgerðir sem ekki stunda fiskvinnslu og selja afla sinn á markaði verr að vígi gagnvart samþættem útgerðum sem miða við umrætt viðmiðunarverð í innri viðskiptum milli rekstrarþátta. Þá myndar viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs viðmið fyrir ýmsa kostnaðarþætti eins og aflahlutdeild sjómanna samkvæmt kjarasamningi og hafnargjöld. Kann slík verðlagning að leiða til þess að framboð á fiskmörkuðum verði minna en ella og verðmyndum á þeim ekki jafn skilvirk.



Var með framangreindu álitni skorað á ráðherra að beita sér fyrir því að leiðrétta þá skekkju sem felst í verðlagningu sjávarafla hjá annars vegar samþættum úrgerðum og hins vegar fiskvinnslum án útgerðar án þess að lagt væri til að allur fiskur yrði fluttur á fiskmarkaði. Til úrbóta á lagaumhverfinu voru fjórar leiðir nefndar. Í fyrsta lagi að beita sérstökum milliverðlagningarreglum (armslengdarsjónarmið) til að koma í veg fyrir framangreind vandamál. Í öðru lagi að hafnargjöld miðuðust við það umstang sem fylgir þjónustu viðkomandi skipa í stað aflaverðmætis. Í þriðja lagi að hagsmunasamtök útgerðamanna komi ekki að eða ræði verð sem notast eigi við í innri viðskiptum útgerða og í fjórða lagi að auka nýliðun í greininni með því að auka heimildir til kvótaframsals, t.a.m. með því að aðilar sem ekki ættu fiskiskip gætu keypt, leigt og selt aflaheimildir.

2.

Þann 19. júní 2012 samþykkti Alþingi lög nr. 74/2012 um veiðigjöld. Með lögnum voru ákvæði um veiðigjald færð úr lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 yfir í ný sérstök lög um veiðigjöld. Í frumvarpi til laganna þar sem fjallað var um tengsl veiða og vinnslu var gert ráð fyrir að í innri viðskiptum lóðrétt samþættrar útgerðar verði litið framhjá því verði sem gefið er upp í reikningum félagsins og sérstakri milliverðlagningarreglu beitt til að koma í veg fyrir undanskot á svokallaðri auðlindarentu.

Með því frumvarpi sem nú liggur fyrir er mælt fyrir um veiðigjald í sjávarútvegi sem ætlað er að koma í stað ákvæðis gildandi laga sama efnis nr. 74/2012 og falla munu úr gildi 31. desember nk. Með frumvarpinu er lagt til að reiknistofn veiðigjalds endurspegli væntanlega afkomu við veiðar (fyrir skatt) á komandi veiðigjaldsári (almanaksári). Þá er jafnframt lagt til að ekki verði lengur byggt á *Hagtíðindum* við útreikninga. Þess í stað verði byggt einvörðungu á gögnum úr skattframtölum eigenda fiskiskipa auk skýrslna til Fiskistofu um afla og aflaverðmæti. Telur Samkeppniseftirlitið að ekki verði betur séð en að í fyrirbyggjandi frumvarpi sé verið að hverfa frá fyrri aðferðafræði um sérstaka milliverðlagningarreglu sem núgildandi lög byggja á. Í ljósi þess telur Samkeppniseftirlitið þörf á að minna á framangreint álit nr. 2/2012 og þær tillögur til úrbóta sem beint var til ráðherra í því skyni að leiðrétta þá skekkju sem felst í verðlagningu sjávarafla hjá samþættum útgerðum annars vegar og ósamþættum útgerðum og fiskvinnslum án útgerðar hins vegar. Verði fyrirbyggjandi frumvarp að lögum að óbreyttu mun sú skekkja í aflaverðmæti sem fram kemur í bókhaldi samþættra útgerða annars vegar og annarra útgerða sem selja afla á fiskmörkuðum hins vegar óhjákvæmilega valda mismunun í útreikningi á veiðigjaldi viðkomandi útgerða. Með hliðsjón af framangreindu vill Samkeppniseftirlitið beina þeim tilmælum til atvinnuveganefndar að brugðist verði við þeirri skekkju sem fram kemur í bókhaldi viðkomandi útgerða við vinnslu frumvarpsins áður en það verður að lögum.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson